



## Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

### Til minnis

Þegar gamli kvennaklefinn hafði verið endurnýjaður, var hann opnaður frá morgni fram eftir degi fyrir konurnar sem sóttu sundleikfimi í innilauginni og einnig fyrir stúlkur sem voru í skólasundi. Ekki þurfti að fjölga starfsfólki þó báðir klefar væru í notkun fyrri hluta dags.

Þegar laugin hefur náð fyrri aðsókn eins og hún var fyrir covid, eða um 350 þúsund gestir árlega, þá þarf að gera ráð fyrir að báðir klefarnir verði notaðir að staðaldri. Þarf þá að koma til fjölgunar baðvarða á vakt. ÍTR er að sækja fjárveitingu vegna þeirra fjölgunar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023 og einnig í viðauka við fjárhagsáætlun 2022.

Í júlí, meðan sundleikfimi er ekki í gangi og ekki heldur skólasund, þá var kvennaklefinn lokaður, enda er nánast öll aðsókn kvenna í nýja klefann á sumrin.

Málið var rætt á 71. fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs 14. mars 2022.

Mögulegt hefur verið að opna klefann þegar lítið álag er í Sundhöllinni og með takmörkunum án þess að það kosti verulegt fjármagn. En til að hafa tvo kvennaklefa opna, gamla klefann og nýja, þá verður það ekki gert nema með auka mönnun.

Tillaga ÍTR er að bæta við 3\*60% stöðugildum og 2\*22% stöðugildum og eru 7 manns á vakt yfir mesta álagstímann og hægt að hafa gamla kvennaklefan opinn meira eða jafnvel alltaf. Kostnaðarmat á tillögunni er 20.900.000 kr. á ári. Viðbótarrekstrarkostnaður er lítils háttar og tekjuaukning er mjög lítil.

Ómar Einarsson